



Alþingi

Erindi nr. P 1201678

LANDLÆKNIR

komudagur 18/11 1996

Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri  
v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17.01.1996

Tilvísun okkar: VI/ÓÓ/kg

Tilvísun yðar:

**Efni: Frumvarp til laga um tæknifrjóvgun.**

Landlæknisembættið hefur nú skoðað frumvarp til laga um tæknifrjóvgun og telur mikilvægt að sett séu lög um það.

**Athugasemdir Landlæknisembættisins við einstakar lagagreinar eru:**

**3. gr.**

**Frumvarp:**

"Áður en tæknifrjóvgun fer fram og samþykkt ..... og þau læknisfræðilegu og lögfræðilegu áhrif...."

Landlæknir leggur til að þarinn verði einnig veittar upplýsingar um hugsanleg félagsleg áhrif.

**Frumvarp:**

"Synjun má kæra til landlæknis sem sendir kærana tafarlaust til meðferðar....."

Landlæknir leggur til að orðið tafarlaust falli burt.

**4. gr.**

Í greinargerð um 4. gr. er skrifað: "Nauðsynlegt þykir að tryggja að nafnleynd ríki milli gefanda kynfrumna og þiggjenda.." er ekki í takt nútíma viðhorfs. Áður fyrr var það álitid "eðlilegt" að samfélagid (m.a. læknar og stjórnámálamenn) gætu sagt fyrir um reglur um getnað. Álitid var að þessir aðilar skildu betur en venjulegir borgarar þessi mál. Dæmi um slíkar reglur eru m.a. ákvæði í lögum er takmarka sölu á getnaðarvörum og reglur um "geldingar" afbrotamanna.

Landlæknir leggur til að greininni verði breytt og hún hljóði svo:  
Læknir sem annast meðferð skal velja viðeigandi gjafa.

Heilbrigðisstarfsfólki er skylt að tryggja nafnleynd ef gefandi eða þiggjandi óskar þess. Eftir að barnid hefur náð sjálfræðisaldri ber að gefa barninu allar upplýsingar um gefanda, þar með talið nafn, sé þess óskað.

Foreldrum skal veitt ráðgjöf til að takast á við þann vanda sem upplýsingagjöfni og vitneskjunni gætu fylgt.

Hvorki má veita gjafa upplýsingar um parið sem fær gjafafrumur né um barnið.

**10. gr.**

*Frumvarp:*

*"Sama gildir ef annað þeirra andast nema um gjöf kynfrumna til noktunar við tæknifrjóvgun hafi verið að ræða".*

Lagt er til að setningin hljóði svo: Sama gildir ef annað þeirra andast.

**11. gr.**

Athugasemd landlæknis: Nauðsynlegt er að leitað sé heimildar óvilhallrar vísindasiðanefndar fyrir rannsóknnum á fósturvísunum. Einnig þarf samþykki parsins að liggja fyrir.

Það er lagt til að við 11. gr. verði bætt: Leita verður heimildar óvilhallrar vísindasiðanefndar fyrir rannsóknnum á fósturvísunum. Einnig þarf samþykki parsins að liggja fyrir.


**13. gr.**

Athugasemd landlæknis: Ekki er ljóst hvaða ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd laganna.


**14. gr.**

Athugasemd landlæknis: Nauðsynlegt er að í þessari grein séu tilnefndir ákveðnir eftirlitsaðilar.

Virðingarfyllst



Vilborg Ingólfssdóttir  
yfirhjúkrunarfræðingur



Ólafur Ólafsson  
landlæknir

Afrit:

Ingibjörg Pálmadóttir ráðherra, Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.